

Fyrirspurn til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um vinnutilhögun unglækna frá Ágústi Ólafi Ágústssyni.

Munnlegt svar

- 1. Telur ráðherra vinnutilhögun svokallaðra unglækna forsvaranlega?*
- 2. Er ráðherra tilbúinn að beita sér fyrir breytingum á vinnutilhögun unglækna, t.d. með frítökurétti eða álagi handa unglæknum?*

Virðulegi forseti.

Háttvirtur þingmaður, Ágúst Ólafur Ágústsson hefur beint til mín fyrirspurn um vinnutilhögun unglækna.

Sem kunnugt er þá hefur það viðgengist víða um lönd að unglæknar, þ.e. lækna í starfsþjálfun hafa gengið langan vinnudag, svo að úr hófi hefur verið áður og fyrrum, bæði hérlendis og erlendis.

Á þessum þáttum hefur nú markvisst verið tekið, má í því sambandi minna á það, að lækna í starfsnámi hafa nú verið felldir undir vinnutímaákvæði Evrópusambandsins. Reyndar hafa fyrstu tilskipanir þaðan reynst óframkvæmanlegar fyrir mörg lönd og munu þau ákvæði vera í endurskoðun.

Á Íslandi hefur þessi vandi snúið helst að stóru sjúkrahúsunum, Landspítala - háskólasjúkrahúsi og Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Hef ég fyrir nokkru beint þeim tilmælum til sjúkrahúsanna að vinna ákveðið að bættu skipulagi vinnutíma unglækna, þannig að hann falli að öllum gildandi ákvæðum og verði jafnframt fjölskylduvænn.

Sjúkrahúsin hafa tekið á þessum málum, og hefur þeim tekist að koma þessum málum í betra horf á öllum stærstu sviðum spítalanna, þó oft hafi reynst erfitt að samræma vinnutíma og vaktatilhögun á öllum deildum. Einnig hefur á sumum deildum verið það lítið vinnuálag á nóttum, að unglæknar hafa frekar kosið að halda gildandi fyrirkomulagi óbreyttu, í stað þess að hafa vaktir styttri en að sama skapi þéttari.

Ég hef fylgst vel með ástandi þessara mála, tel að þau hafi lagast verulega hvað varðar vinnuálag lækna í starfsnámi á undanförunum árum og verður að teljast í langflestum tilvikum fyllilega forsvaranlegur.

(Talað orð gildir)